

FERÐIR

LAUGARDAGUR 28. SEPTEMBER 2013

Kynningarblað
Ævintýralegt ferðalag til
Afríku. Uppáhaldsborgin
New York. Paradís á
Reykjanesi.



Fjallið Kilimanjaro í Tansaníu er hæsta fjall Afríku. Það er 5.895 metra hátt. Fjölfarnasta leiðin upp fjallið kallast Kókakólaleiðin en Atli og fjölskylda hans fóru aðra og erfiðari leið sem kallast Viskíleiðin.



Ævintýraför á Kilimanjaro

NORDICPHOTOS/GETTY

Atli Lýðsson, fræðslustjóri og leiðsögumaður, hélt ásamt eiginkonu og syni til Tansaníu í vor. Þar gengu þau á hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro. Þau upplifðu undur landsins en kynntust einnig sárri fátækt í gegnum leiðsögu- og burðarmenn sína. Nú ætla þau að létta þessum vinum sínum lífið og safna útivistarfatnaði hjá vinum og kunningjum til að senda yfir hafið.

Við fjölskyldan höfum ferðast mikið alla tíð. Við konan mín, Katrín Friðriksdóttir, höfum verið töluvert til fjalla og farið í langar göngur. Þegar við eignuðumst Almar Stein fórum við strax að taka hann með okkur. Hann var bara sjö ára þegar hann gekk Laugavegin með okkur og átta ára þegar hann gekk Kjalveg,“ segir Atli Lýðsson, sem ásamt Katrínu og Almari Steini ferðaðist til Afríku í vor til að takast á við fjallið Kilimanjaro.

„Við tókum þá ákvörðun þegar Almar Steinn var hálfnaður með menntaskólann að við myndum fara í útskriftarferð saman þegar hann kláraði MH og fara þá á framandi slóðir. Það var hugmynd Almars að ganga á Kilimanjaro,“ útskýrir Atli, en fjölskyldan skipulagði og safnaði sér fyrir ferðinni næstu tvö árin.

Þriggja vikna upplifun

Ferðalagið stóð yfir í þrjár vikur. „Við byrjuðum á því að ganga á fjallið í viku, dvöldum síðan í tæpa

viku á bóndabæ í Tansaníu sem Anna Elísabet Ólafsdóttir á og lánaði okkur. Þar hugaði fólk hennar um okkur og við fórum í margar frábærar heimsóknir til þeirra sem bjuggu þar í kring og kynntumst ýmsum ættbálkum. Við enduðum síðan á að fara í safarí og tjaldferðalag innan um ljón og fíla í þjóðgarðinum,“ lýsir Atli og segir ferðalagið hafa verið algert ævintýri. „Við nutum þess að vera þrjú saman áður en Almar stígur inn í fullorðinsárin.“



Atli og höfðingjaráð Masai-stríðsmannanna spá í framtíðina.



Almar, Katrín og Atli með toppinn í auglýsingu.



Almar með leiðsögu- og burðarmönnum ellefu sem fylgdu fjölskyldunni upp fjallið. Hér var komið að kveðjustund.

► Hæðin er krefjandi

Flestir sem ganga á Kilimanjaro fara svokallaða Kókakólaleið að sögn Atla. Þar eru skálar á leiðinni og tiltölulega góður stígur. „Við völdum aðra leið sem er kölluð Viskíleiðin. Hún er eins og drykkurinn aðeins hrjúfari, brattari og kaldari. En þaðan er betra útsýni,“ segir Atli. Hann segir gönguna sem slíka ekki tæknilega erfiða. „Það eru mörg fjöll á Íslandi sem eru erfiðari en Kilimanjaro. Það er hæðin og lengd göngunnar sem er áskorunin.“

Ellefu ungir menn

Atli segir Tansaníumenn skynsama þar sem þeir kunni að taka peninga af ferðamönnum. Þar þurfi að borga mjög hátt gjald bara fyrir að fara inn í Kilimanjaro-þjóðgarðinn. Svo sé fólk skyldað til að ráða sér ákveðinn fjölda af leiðsögu- og burðarmönnum.

„Við vorum með ellefu unga menn með okkur; tvo leiðsögumenn og níu burðar-

menn,“ upplýsir Atli, en algert lágmark er að vera með tvo leiðsögumenn hvort sem ferðast er einn eða fleiri í hópi.

Farangur göngumanna er takmarkaður þrátt fyrir fjölda burðarmanna. „Hvert okkur þriggja mátti vera með tólf kíló fyrir utan mat og tjöld,“ segir Atli en á daginn báru þau sjálf dagspoka með nesti og aukafötum en burðarmennirnir tóku rest.

„Leiðsögumennirnir gengu alltaf með okkur en burðarmennirnir urðu eftir þegar við gengum af stað á morgnana og tóku niður búðirnar. Síðan tóku þeir fram úr okkur og settu niður búðirnar ofar í fjallinu. Þeir eru svo vanir þessari hæð og munandi ekkert um að hlaupa upp fjallið meðan við gengum andstutt í hænuskrefum,“ segir Atli hlæjandi.

Full þjónusta

Það var skritin lífsreynsla fyrir fjölskylduna að láta ungu mennina stjarna við sig. „Við

höfum aldrei á ævinni haft neina þjónustu í fjallaferðum okkar og ekki einu sinni farið í ferð með leiðsögumönnum. Þeir hins vegar elduðu fyrir okkur og sáu um alla tiltekt. „Ég var stundum farinn að hjálpa þeim að taka niður tjöldin, sem er víst ekki til siðs,“ segir hann glettinn.

Fjölskyldan náði góðu sambandi við ungu mennina. „Þeir tala hrafl í ensku og þar sem við höfum verið mikið til fjalla áttum við margt sameiginlegt með þeim. Við lögðum okkur einnig eftir því að vera í þeirra félagsskap og þeir í okkar,“ segir Atli og minnst þess hlæjandi að vinir þeirra hafi kallað hann Father Christmas út af skegginu og Katrínu kölluðu þeir Mama.

Illu búinir burðarmenn

Starf burðarmannsins er erfitt og illa borgað. Það stakk Atla, Katrínu og Almar hve illa útbúnir hinir nýju vinir þeirra voru til fjallaferða. „Það var hræðilegt að sjá hvernig

þeir voru búinir, í götöttum skóm og í lélegum leppum. Þeim var oft kalt enda sveiflast hitinn frá 30 gráðum og í mínus 20 gráður og oft og tíðum geisa mikil hvasvæðri á toppi fjallsins. Þó vorum við búin að lána þeim allt aukadótið okkar.“

Atli segir að þau hafi ekki gert sér grein fyrir fátæktinni áður en þau héldu af stað. „Okkur langaði að skilja vel við vini okkar ellefu og vildum hjálpa þeim á einhvern máta. Þeir komu með þá hugmynd að við gætum gefið þeim fót,“ segir Atli, en erfitt getur verið að nálgast kuldafatnað við miðbaug. „Auk þess hafa þeir ekki efni á honum.“

Atli var formaður hjálparveitar til margra ára og fjölskyldan á marga vini og félagar sem stunda útivist. „Því ákváðum við að láta nærumhverfi okkar vita að við værum að safna svona búnaði. Vonandi náum við að fylla nokkra kassa til að senda til vina okkar til að létta þeim lífið.“



Rúlletta er vinsæll leikur í spilavítum. Vinningslíkur eru þó afar litlar.

NORDICPHOTOS/GETTY

Aðventa 3 29. nóvember – 6. desember

Franskir og þýskir aðventutöfrar

Aðventuferðir okkar hafa svo sannarlega slegið í gegn og í þessari ferð kynnumst við einstakri aðventustemningu þriggja landa, Þýskalands, Frakklands og Sviss. Förum í spennandi og áhugaverðar skoðunarferðir.

Verð: 169.400 kr. á mann í tvíbýli.

Mjög mikið innifalið!

Fararstjóri: Pavel Manásek



Spór ehf.

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790

bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2, 108 Reykjavík

ferðapjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

Víti að varast í spilavíti

Syndaborgin Las Vegas úir og grúir af líflegum og mannmörgum spilavítum. Þar freistar fólk gæfunnar við ýmis fjárhættuspil á borð við rúllettu, blackjack og spilakassa.

Líklega gera flestir sér grein fyrir að líkurnar á sigri eru litlar en færri gera sér grein fyrir að spilavítin eru hönnuð með það í huga að alltaf halli á viðskiptavininn. Þetta er gert með með ýmsum hætti.

Fríum áfengum drykkjum er haldið að gestum spilavítisins. Þetta er gert til að skerða dómgreind þeirra og láta þá spila verr en ella.

Spilagjafarar eru vel þjálfaðir til að gera fólki erfiðara fyrir. Þeir eru snöggir í hreyfingum og rugla fólk í ríminu.

Spilavíti eru einnig hönnuð með það í huga að gera fólk áttavillt. Sumum finnst erfitt að rata í rangölum þess. Hugmyndin er að fólk gefist hálfpartinn upp og setjist við eitthvert spilaborðanna og blæði peningum.

Klukkan eru aldrei sjáanlegar í spilavíti. Þannig getur fólk ekki litið upp, séð hvað klukkan er og haft þá afsökun að nú sé hún orðin margt og tími til kominn að hætta og hátt.

Besta ráðið sem fólk getur tekið í spilavítum er að hætta þegar leikur ber hæst. Líkurnar á vinningi eru afar dræmar. Ef stór pottur lendir í skauti spilarans er um að gera að hætta því enn minni líkur eru á að slíkt gerist aftur.



Spilavíti eru hönnuð til að vera ruglandi.

VETUR 2013 | 2014

☆ Tenerife & Kanarí

- Tryggðu þér ódýrustu gistinguna í tíma!



Tenerife ☆☆☆ Parque de las Americas

Parque de las Americas er mjög vel staðsett íbúðahótel á jaðri Costa Adeje hlutans og steinsnar frá iðandi mannlífi Playa de las Americas.

frá **97.529 kr.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð 118.058 kr. fyrir 2 fullorðna. Brottför 30. janúar - vika.

Kanarí ☆☆☆ Montemar

Vel staðsett íbúðahótel á Ensku ströndinni. Fjöldmargar verslanir, veitingastaðir og barir eru í næsta nágrenni. Staðsett við íbúðargötu á einum eftirsóttasta stað Ensku strandarinnar.

frá **99.516 kr.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð 112.345 kr. fyrir 2 fullorðna. Brottför 29. janúar - vika

Stökktu
í sólina!

SÓL ALLAN ÁRSINS
HRING Á TENERIFE
OG KANARÍ!

SUMAR



FERÐIR

...eru betri en aðrar

Hver dagur nýtt ævintýri

Leikkonan Ylfa María Edelstein kvaddi fósturjörðina og flutti vestur um haf áður en hún hafði lifað fulla tvo tugi í Laugarneshverfinu. Síðan hefur hún lifað og starfað til skiptis í Los Angeles og New York þar sem hún býr nú.

Hvað ert þú að gera í New York?

- Ég geri margt í New York því hver einasti dagur er nýtt ævintýri. Í kvöld ætla ég til dæmis að bregða mér í leikhús að sjá enska leikritið *The Winslow Boy*.

Hvernig er að búa í New York?

- Það er alltof dýrt.

Hvernig eru New York-búar í daglegum samskiptum?

- New York-búar eru yfirleitt mjög hjálplegir en stundum svolítið mikið að flýta sér.

Hvað hefur komið þér á óvart?

- Hvað borgin er stórkostlega falleg.

Hvaða staðir eru mest spennandi í kringum þig?

- Uppáhaldsstaðir mínir eru nýi High Line-almenningsgarðurinn sem búinn var til í kringum gamla járnbraut, Chelsea Market sem er yndislegur markaður þar sem hægt er að kaupa í matinn og fá sér gott snakk og Film Forum þar sem hægt er að sjá gamlar bíómyndir eftir Truffaut, Antonioni og Bunuel.

Er gott að versla í New York?

- Það er mjög gott að versla í New York. Hér fæst allt það besta og alltaf hægt að finna góðar útsölur.



Ylfa Edelstein, leikkona.

Hefur þú ferðast um landið?

- Já, en aðallega á milli austur- og vesturstrandar Bandaríkjanna; stórborganna New York og Los Angeles.

Hvernig eyðir þú frítímanum í New York?

- Frítíminn fer í bar method-tíma, jóga, listasöfn, skriftir og samverustundir með góðum vinum.



Það er auðvelt að gleðja munn og maga í sælkerakistu Chelsea Market.



Í New York fæst allt það besta og dýrasta í heimi en þar er einnig hægt að gera reyfarakaup á útsölum.



High Line-almenningsgarðurinn er einn af uppáhalds áfangastöðum Ylfu í New York.

Vinsælar sérferðir

Icelandair býður upp á pakkaferðir og sértíloboð til ýmissa áfangastaða beggja vegna Atlantshafsins. Tilboðsferðir, borgarferðir, sérferðir, kvennaferðir, tónleikaferðir og íþróttiferðir.

Margir Íslendingar velja þann kost að fara í borgarferðir með íslenskum fararstjóra sem þekkja borgina og sögu hennar vel. Við hjá Icelandair höfum lagt upp úr því að bjóða upp á skipulagðar sérferðir með íslenskum fararstjórum,“ segir Svava Hjartardóttir, verkefnastjóri Icelandair Holidays. Hún segir borgarferðirnar til Parísar hafa verið sérlega vinsælar undanfarin ár og því hafi margir Íslendingar kynnst Parísarborg með Laufeyju Helgadóttur, fararstjóra Icelandair í borginni.

„Kvennaferðirnar okkar hafa notið mikilla vinsælda og margir vinkvennahópar hafa farið í slíkar ferðir til dæmis með Guddýju og Carolu til Glasgow,“ segir Svava glaðlega og bendir á að þær stöllur bjóði í haust upp á ferð fyrir alla til Glasgow þar sem mat og menningu borgarinnar verða gerð góð skil.

Ný og betri – konur til athafna í London kallast ný sérferð hjá Icelandair. „Í ferðinni verður fjölbreytt og skemmtileg dagskrá með þaulvönnum fararstjórum, þeim Bjargeyju Aðalsteinsdóttur íþróttifræðingi og Sigrúnu Lilju sem er kennd við Gyðju,“ segir Svava. Þá mun Icelandair sextánda árið í röð bjóða upp á ferð til Florida á Old Car-sýninguna í Daytona með Sigurði Lárussyni. „Einnig gefst hjólamönnum og -konum kostur á að fara á hina vinsælu mótórhjólásýningu á Daytona í Florida með fararstjóranum Hafsteini Emilssyni.“

Íþróttiferðirnar eru ávallt vin-



Borgarferðirnar til Parísar hafa verið afar vinsælar síðustu ár. Margir hafa kynnst borginni með Laufeyju Helgadóttur, fararstjóra Icelandair.

sælar. Það sem stendur upp úr í þeim þessa dagana að mati Svövu er dagsferð á landsleik Íslands og Noregs þann 15. október næstkomandi í Noregi. „Eins bjóðum við upp á ferðir á heimaleiki West Ham í vetur.“

Í vor er margt spennandi á

döfinni. „Þar má nefna New York með Hallfríði Þórarinsdóttur, Vor í Boston með Nönnu Reykdal og Vor í París með Laufeyju, auk fleiri ferða sem eru enn í vinnslu. Því má segja að það séu spennandi tímar fram undan í ferðalögum Íslendinga,“ segir Svava.

Ódýrt að borða í útlöndum

Lítið þýðir að fasta í ferðalögum erlendis til að spara aurinn því öll þurfum við að borða. Fyrir þá sem ekki kæra sig um að þræða billegar skyndibitakeðjur með tilheyrandi óhollustu marga daga í röð er ráð að fletta upp ódýrum veitingastöðum sem mælt er með af matgæðingum á netinu.

Kaupmannahöfn

Fu Wa, kínverskur veitingastaður á Jatgvej 7 fær þrjár stjórnur hjá matgæðingum síðunnar www.aok.dk fyrir ferskt dim sum. Þar kostar aðalréttur í kringum 80 krónur.

Mumbai, indverskur veitingastaður á Vigerslev Allé í Valby, fær einnig þrjár stjórnur hjá aok en kokkarnir þar eru sagðir blanda kryddin af mikilli leikni. Þar er hægt að fá aðalrétt í kringum 100 krónur danskar.

London

Taiflenski veitingastaðurinn Mien Tay fær fjórar stjórnur á síðunni www.timeout.com fyrir matargerð. Þar segir þó að staðurinn muni seint fá verðlaun fyrir fallegar innréttingar, en maginn spyr ekki um það. Á Mien Tay má fá aðalrétt á bilinu 5 til 8 pund.



Ekki þarf að þræða skyndibitakeðjur á ferðalögum. Hægt er að gera vel við sig í mat fyrir sanngjarnt verð.

MYND/NORDIC PHOTOS GETTY

Stockpot, veitingastaður með ekta breskan mat á Old Compton Street, fær þó prik fyrir sjarmerandi innréttingar frá sjöunda áratugnum á sömu vefsíðu en þrjár stjórnur fyrir matinn. Þar er þó hægt að fá aðalrétt á bilinu 5 til 10 pund.

Berlín

Burgermeister við Oberbaumstrasse býður sex gerðir af hamborgurum og meðal annars tófu-borgara fyrir grænmetisætur. Þar ku vera hægt að borða góðan hamborgara fyrir um það bil 4 evrur samkvæmt theguardian.com.



Haustdagur í Kaupmannahöfn. Á vefsíðunni [aok.dk](http://www.aok.dk) er að finna lista yfir ódýra veitingastaði í borginni.



SÉRFERÐIR
**FLJÚGÐU Á VIT
 SPENNANDI ÆVINTÝRA**





Spennandi ferðir fyrir alla

Sérferðir Icelandair bjóða upp á áfangastaði af öllum stærðum og gerðum fyrir ferðalanga sem þyrstir í ævintýri. Leyfðu okkur að láta gamla drauma rætast.

Við bjóðum upp á frábærar ferðir með fararstjóra til ýmissa áfangastaða núna í haust, svo sem til Parísar, Glasgow,

London og Flórída. Í vor geturðu upplifað París eða Boston, eða tekið bita af stóra eplinu New York. Svo er einnig mótörhjólavika í Daytona í mars. Þetta er aðeins brot af þeim spennandi sérferðum sem í boði eru hjá Icelandair.

+ Bókaðu þína ferð á icelandair.is

    Vertu með okkur

ICELANDAIR 

Paradís á Reykjanesi

Ferðaþjónusta er ein helsta undirstaða Grindavíkur. Mikil náttúrufegurð umlykur bæinn og úrval afþreyingar er í boði. Meðal einkenna svæðisins eru hraunbreiður, háhitasvæði og falleg fjöll. Svo er stutt í vinsælasta ferðamannastað landsins, Bláa lónið.

Sjálfsgengt tengja flestir landsmenn Grindavík við sjávarútveg og öflugt íþróttalíf. Ferðaþjónusta er þó ein helsta undirstaða bæjarfélagsins enda leggur



Þorsteinn Gunnarsson

Grindavíkurbær mikla áherslu á að byggja upp og styrkja öfluga ferðaþjónustu. Umhverfi Grindavíkur er ægífagurt og býr yfir mörgum

náttúruperlum auk þess sem margt er að skoða í bænum sjálfum. Þorsteinn Gunnarsson, upplýsingafulltrúi Grindavíkurbæjar, segir allar forsendur vera til staðar svo ferðaþjónusta í Grindavík, og raunar á Reykjanesi, geti blómstrað. „Grindavík og umhverfi bæjarins er afar vanmetinn ferðamannastaður á meðal Íslendinga eins og raunar Reykjaneskaginn. Í nágrenni Grindavíkur eru ýmsar perlor eins og Hópsnesið með öllum sínum skipsflökum sem kraftur úthafsins hefur þeytt upp á þurrt land. Hópsneshringurinn er gönguleið kringum nesið sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Þar má meðal annars sjá húsarústir frá fyrstu áratugum síðustu aldar.“ Náttúran kringum Grindavík er stórbrotin að sögn Þorsteins. „Hér höfum við þessi miklu háhitasvæði með tilheyrandi hverum, gufuströkum og



Brimketill, skipsflökin á Hópsnesi, Svartsengi og Bláa lónið eru meðal fjölmargra viðkomustaða í nágrenni náttúru- og útivistarparadísarinnar Grindavíkur.

MYND/LIÓSMYNDASAFN GRINDAVÍKUR

hraunbreiðum. Héðan er líka stutt í heimsþekkt fuglabjörg sem dýralífsunnendur mega alls ekki láta fram hjá sér fara. Einnig má nefna hina vinsælu staði Gunnhver og Reykjanesvita.“

Mikil útivistarparadís

Grindavík og nágrenni er líka sannkölluð útivistarparadís að sögn Þorsteins. „Það er búið að leggja mikla

vinnu í gerð göngu- og hjólastíga. Hér eru margar skemmtilegar gönguleiðir, til dæmis fornar þjóðleiðir. Búið er að leggja malbikaðan göngu- og hjólreiðastíg milli Grindavíkur og Bláa lónsins. Á miðri leið stendur fjallið Þorbjörn sem er mjög vinsæll áfangastaður útivistarfólks enda hæfilega hátt fyrir flesta. Sífelld fleiri leggja leið sína hingað til þess að fara á brim-

bretti og þá er Festarfjall vinsæll staður fyrir svífvængjaflug. Einnig mætti nefna fjór hjólaferðir en þær njóta stigvaxandi vinsælda hér. Svo er auðvitað stutt í vinsælasta ferðamannastað landsins, Bláa lónið.“ Tjaldstæði bæjarins hefur einnig vakið mikla athygli enda ekkert til sparað til að gera það eitt glæsilegasta tjaldsvæði landsins.

Það verkefni sem Þorsteini finnst

þó mest spennandi á Reykjanesi um þessar mundir er nýstofnaður Jarðvangur, Reykjanes Geopark, sem er sjálfseignarstofnun sem sveitarfélögin á Suðurnesjum stofnuðu. „Hugmyndin á bak við samtökin er að koma á tengslum milli ólíkra svæða með áhugaverðar jarðminjar, miðla upplýsingum og reynslu, leysa sameiginleg vandamál og koma svæðunum á framfæri.“

Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:

App sem þú þarft

Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann



Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn Fréttablaðið á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.



FRÉTTABLAÐIÐ



Hægt er að ferðast á ódýran hátt um heiminn sé maður skipulagður.

Skipuleggðu fríð með góðum fyrirvara

Ef hægt er að komast ódýrt flugleiðis héðan frá Íslandi til London er möguleiki á ódýru frí hvar sem er í heiminum. Easyjet er til dæmis með hausttilboð um þessar mundir til Alicante, Mallorca og Faro frá Gatwick-flugvelli, Luton og Stansted. Þeir segja að verði sé frá 40 pundum, sem gerir tæpar átta þúsund krónur hvor leið. Hins vegar veltur allt á því að ódýrustu sætin séu enn til svo betra er að vera tímanlega að panta.

Bókunarvélur á netinu gera fólki sem vill ferðast á eigin vegum auðvelt að fara um allan heim á hagstæðustu kjörum. Alltaf er þó best að skipuleggja ferðalagið með mjög góðum fyrirvara, þannig fást ódýrustu fargjöldin og hóteltgisting. Fólk ætti því helst að bóka sumarfríð í janúar. Hótel í Evrópu eru til dæmis mun ódýrari í júní en ágúst og oft eru tilboð á bókunarvefjum þegar bókað er snemma.

Bæði Icelandair og Wow bjóða tilboð til London af og til sem upplagt er að nýta sér til að komast í ódýrt í sumarfrí. Mörg erlend flugfélög fljúga einnig til Íslands, sérstaklega yfir sumarmánuði, en hægt er að bóka ferðir langt fram í tímann. Það gildir sem sagt alltaf að vera vel skipulagður til að fá hagstæðasta verðið.

Skíðaveisla

VITA í vetur

Ítalía – Austurríki og Ameríka

Ljósmyndari: Randy Lincks

Morgunflug til Verona með Icelandair



Ítalía – eingöngu með VITA

Allir vinsælustu skíðastaðirnir: Selva, Madonna di Campiglio, Val di Fiemme og Paganella

Verð frá 124.900 kr. *

og 12.500 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli með morgunverði á Garni Christiania í Madonna 18. – 25. janúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 134.900 kr.

Flugáætlun:
8., 18., og 25. janúar
1., 8., 15. og 22. febrúar

Morgunflug til München með Icelandair



Austurríki – Dalirnir 3 – Flachau

Fallegur skíðabær með aðgengi að Ski-Adamé, einu besta skíðasvæði austurísku Alpanna.

Verð frá 169.900 kr. *

og 12.500 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli með hálfu fæði á hótél Unterberghof 25. janúar – 1. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Verð án Vildarpunkta 179.900 kr.

Flugáætlun:
25. janúar
1., 8. og 15. febrúar

Beint flug til Denver með Icelandair



Aspen - Colorado

Aspen – frægasti skíðastaður heims, sem allir skíðamenn þurfa að prófa einu sinni á ævinni.

Verð frá 229.900 kr. *

og 12.500 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótél Aspen 4. – 12. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Verð án Vildarpunkta 239.900 kr.

Flugáætlun:
1., 4. og 15. febrúar
2. mars

Beint flug til Denver með Icelandair



Vail - Colorado

Vail í Klettafjöllum, stærsta samfellda skíðasvæði í Bandaríkjunum.

Verð frá 298.800 kr. *

og 12.500 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótél Vail Marriott 4. – 12. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Verð án Vildarpunkta 308.800 kr.

Flugáætlun:
1. og 4. febrúar
2. mars

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið


ISLENSKA SÁLABYR VITA 6872 0913

SKÁLAÐ Á BJÓRHÁTÍÐ

Nú stendur yfir bjórhátíð vítt og breitt um Þýskaland. Í München er búist við að sjö milljónir manna taki þátt í hátíðarhöldunum. Í fyrra drukku gestir 7,9 milljónir lítra af bjór og borðuðu 520 þúsund kjúklinga, 124 þúsund pylsur, 118 naut og 92 kálfa. Um tólf þúsund manns starfa við Oktoberfest. Einn lítri af bjór kostar 10 evrur eða um 1.600 krónur.

Þeir sem vilja taka þátt í bjórhátíðinni þurfa að panta hótél með góðum fyrirvara þar sem öll gistiþláss í borginni eru uppseld þessa dagana. Hótelverð hækkar á meðan á bjórhátíðinni stendur. Í sumum tjöldum þar sem hátíðin fer fram hefur fólk pantað borð með löngum fyrirvara og það getur því verið erfitt fyrir þá sem mæta á staðinn að fá sæti. Í nóvember er opnað fyrir borðþöntun næsta árs en fólk fær að vita í apríl hvort það hafi verið heppið. Best er að koma að degi til fyrir þá sem ekki hafa pantað borð með fyrirvara. Flestir mæta á laugardeginum og þá er oft gríðarlegur fjöldi og erfitt að komast um.

Því fleiri sem ferðast saman þeim mun betra er að panta borð áður. Að koma á bjórhátíð í Þýskalandi er fyrir fullorðna eins og Disneyland fyrir börnin, segja þeir sem til þekkja.

**Á SLÓÐUM JANE AUSTEN**

Á þessu ári eru 200 ár liðin frá því bókinni Pride and Prejudice (Hroki og hleypidómar) eftir Jane Austen kom út en hún er í miklu uppáhaldi hjá mörgum. Í tilefni afmælisins hafa ferðamenn flykkst til Bath í Englandi þar sem hægt að feta í fótspor skáldkonunnar, fara í göngutúra, heitt það í baðhúsum borgarinnar, fá sér eftirmiðdagste í anda Darcy eða njóta menningarinnar í borginni.

Jane Austen bjó í Bath um tíma en hún var ekkert sérlega hrifin af borginni, taldi hana snobbaða.

HEIMILISLAUSIR LEIÐSÖGUMENN

Barcelona hefur bryddað upp á þeirri nýbreytni að fá heimilislaustr fólk til að leiða ferðamenn um borgina sögufrægu. Þetta er hluti af verkefni sem miðar að því að auka lífsgæði atvinnulausra og heimilislausra borgara, auk þess sem yfirvöld telja að ferðamenn geti fengið glænýja sýn á borgina með þessum hætti. Í Barcelona eru um þrjú þúsund heimilislaustr en stefnan er að leiðsögumenn úr þeirra röðum muni leiða túrista um leynda hluta borgarinnar sem vanalega eru ekki sýndir ferðamönnum. Þetta á að opna augu fólks fyrir sögu borgarinnar, sem er bæði fögur en einnig grimm.

Hugmyndin er byggð á svipuðu verkefni fyrir heimilislaustr sem var sett af stað í Bretlandi. Ferðirnar hefjast í október og verða í boði bæði á spænsku og ensku.



Boðið verður upp á þá nýbreytni í Barcelona að heimilislaustr leiða ferðamenn um skuggastræti borgarinnar.

flugrútan

Reykjavík Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kaupu miða núna á www.flugrutan.is
Alltaf laus sæti.



Frí þráðlaus
internettenging
í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannaðu strikamerkið með snjallsímanum og kynntu þér áætlunina.

